

**Minnisblað til efnahags- og viðskiptanefndar**  
**Frá atvinnuvega- og nýssköpunarráðuneytinu**

Reykjavík 23. nóvember 2012

Í tengslum við frumvarp til breytinga á lögum um ársreikninga mál nr. 94 er efnahags- og viðskiptanefnd með til skoðunar breytingar á 7. gr. frumvarpsins um gagnsæi eignarhalds. Samkvæmt frumvarpinu hljóðar 7. gr. frumvarpsins og skýringar með henni eftirfarandi:

7. gr.

*3. mgr. 65. gr. laganna orðast svo:*

*Í hlutafélögum og einkahlutafélögum skal upplýsa um fjölda hluthafa í upphafi og lok reikningsárs. Þá skal upplýsa um að lágmarki tíu stærstu hluthafa eða alla ef hluthafar eru færri en tíu, og hundraðshluta hlutafjár hvers þeirra í lok ársins. Við útreikning þennan telst samstæða einn aðili. Ef atkvæðahlutdeild er mismunandi miðað við fjárhæð þeirra skal gerð grein fyrir atkvæðahlutdeild þeirra tíu hluthafa sem fara með stærstu atkvæðahlutdeild í félaginu í lok ársins. Hafi orðið breytingar á atkvæðahlutdeild á reikningsárinu skal þeirra getið sérstaklega.*

Um 7. gr.

*Hér er lagt til að gagnsæi eignarhalds og atkvæðisréttar hluthafa í hlutafélögum og einkahlutafélögum verði aukið með því að í skýrslu stjórnar með ársreikningi skuli upplýsa um a.m.k. 10 stærstu hluthafa og alla ef færri en 10 og hundraðshluta hlutafjár, en ekki einungis eignarhluti yfir 10%.*

*Í 7. gr. frumvarpsins til laga um breytingu á lögum um ársreikninga er lagt til að í skýrslu stjórnar með ársreikningi skuli upplýsa um „að lágmarki“ tíu stærstu hluthafa eða alla ef hluthafar eru færri en tíu, og hundraðshluta hvers þeirra í lok ársins. Við útreikning þennan ber að líta á samstæðu sem einn aðila.*

Á fundum nefndarinnar hafa einstakir nefndarmenn lýst vilja sínum til að ganga lengra en gert er í frumvarpinu til að upplýsa um eignarhald fyrirtækja. Fulltrúar ráðuneytisins og fulltrúar RSK mættu á fund nefndarinnar og fóru yfir þetta atriði.

Ráðuneytið hefur efasemdir um gagnsemi þess að birta heildarlista með ársreikningi fyrir almenn hlutafélög eða að slík birting geri eignarhald gagnsærra. Byggist þessi afstaða á eftirfarandi:

- Heildarlistinn miðast við stöðuna eins og hún var í lok síðasta reikningsárs (almennt 31.12. árið áður) og getur því ekki verið áreiðanlegur upplýsingagrunnur þegar ársreikningi er skilað. Ársreikningi skal skilað til ársreikningaskrár í síðasta lagi 8 mánuðum eftir árslok. Fyrir stærri fyrirtæki sem skráð eru á skipulegum markaði þar sem mikil velta er með hluti verða upplýsingar um hlutahafa í ársreikningi því fljótt úreltar.

- Auðvelt er fyrir aðila að „hverfa“ af lista. Aðeins þarf að selja eignarhlutinn fyrir lok reikningsárs og kaupa aftur í janúar.
- Í hugmyndunum kemur ekki fram hvort einhver eigi að fara yfir þessa lista. Ef svo er, hvaða eftirlitslegu hagsmunir eru fólgirnir í upplýsingunum og hver á að greiða fyrir eftirlitið?

Öðru máli gegnir um aukið gagnsæi eignarhluta í fjármálafyrirtækjum. Eðli starfsemi þeirra er þannig að þau eru hluti af greiðslukerfinu, þau taka við fjármunum almennings til varðveislu og það eru því ríkir almannahagsmunir í húfi að rekstur slíkra fyrirtækja sé heilbrigður og eftirlit með starfseminni virkt.

Eins og komið hefur fram opinberlega er verið að leggja lokahönd á frumvarp til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Meðal þeirra breytinga sem lagðar verða til í því frumvarpi er að styrkja möguleika Fjármálaeftirlitsins til þess að hafa eftirlit með meðferð virks eignarhluta í fjármálafyrirtæki. Ákvæðið kveður á um að í ársreikningum fjármálafyrirtækja skuli tilgreina alla þá með nöfnum og heimilisfangi, sem eiga umfram 1% af hlutafé eða stofnfé fjármálafyrirtækisins. Sé um lögaðila að ræða, skuli koma fram hver sé forráðamaður viðkomandi lögaðila. Verði breyting þessi að lögum á að vera auðveldara fyrir Fjármálaeftirlitið að tengja aðila saman til þess að komast að niðurstöðu um hvort telja eigi þá sem einn aðila eða fleiri eða til þess að geta metið hvort tengsl viðkomandi geti hindrað eftirlit með starfsemi fyrirtækisins. Þá er rétt að benda sérstaklega á að í gildandi lögum um fjármálafyrirtæki er ákvæði í 4. mgr. 19. gr. um það að fjármálafyrirtæki skuli tilgreina á vefsíðu sinni nöfn og hlutfallslegt eignarhald allra þeirra sem eiga 5% eða stærri hlut í félaginu. Sú upplýsingakvöð gerir ráð fyrir að upplýsingarnar séu uppfærðar þegar breytingar verða á eignarhaldi þeirra sem eiga 5% eða meira. Gert er ráð fyrir að umrætt frumvarp verði lagt fram á Alþingi í byrjun desember.